



Félag grunnskólakennara
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 • www.ki.is

Reykjavík 10. mars 2023

Berist til: Mennta- og barnamálaráðuneytis

Umsögn frá skólamálanefnd Félags grunnskólakennara

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Mál nr. 38/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dagsett 24.02.2023 þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála.

Málsefni: Frumvarpið felur í sér að ný þjónustustofnun á sviði menntamála verður sett á fót. Stofnunin tekur við hluta af verkefnum Menntamálastofnunar, sem verður lögð niður.

Umsögn:

Skólamálanefnd Félags grunnskólakennara hefur kynnt sér frumvarp um stofnun nýrrar þjónustustofnunar á sviði menntamála. Nefndin hefur þó ekki komið með beinum hætti að umræðu eða vinnu að frumvarpinu. Nokkur umræða hefur verið síðustu misseri um starfsemi Menntamálastofnunar, tilgang og hlutverk hennar. Nefndin er sammála því að endurskoða þurfi stofnunina og sníða hana betur að þeim hlutverkum sem henni eru ætluð. Heilt yfir er nefndin ánægð með frumvarpið og áherslur þess þó nokkur atriði þarfnist betri skýringar.

1. gr – Stofnun og hlutverk

Ekki þykir ljóst hvar í röðinni þessi stofnun er þegar kemur að því að leysa mál innan skólakerfis. Er skólum heimilt að leita beint til stofnunarinnar eða leitar stofnun á vegum sveitarfélags til stofnunarinnar fyrir hönd skólans. Hver er kostnaður skóla við aðkomu stofnunarinnar?

4. gr. - Samvinna og samráð

Í 4. grein er þörf á nánari útskýringu á samráði við skóla. Hvað felur reglubundið samráð í sér og hvaða áhrif hafa sveitarfélög á verkefni stofnunarinnar? Þessi grein þarfnast frekari útskýringar hvað varðar grunnskólann.

5.gr. - Verkefni

Verkefni stofnunarinnar eru meðal annarra að efla frístundastarf. Með hvaða hætti mun það vera gert? Mun stofnunin koma með beinum hætti að starfi t.d. íþróttafélaga og félagsmiðstöðva?

Fram kemur að mikilvægt sé að skólum verði séð fyrir námsefni á margskonar formi. Síðastliðin ár hefur námsefnisútgáfa verið á herðum Menntamálastofnunar. Skólamálanefnd telur afar mikilvægt að skýrt sé kveðið á um hver muni bera ábyrgð á námsefnisútgáfu. Útgáfa hefur verið af skornum skammti og mikið námsefni sem nú er til staðar þarfnast endurnýjunar. Raunar þarf að gera átak í námsefnisútgáfu til að skólar og kennarar geti raunverulega mætt ólíkum þörfum nemendasinna.



Félag grunnskólakennara
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 • www.ki.is

Stofnuninni er ætlað að byggja upp þekkingu og færni starfsfólks skóla meðal annars með því að styðja við, samhæfa og eftir atvikum skipuleggja starfsþróun starfsfólks skóla. Skólamálanefnd FG telur mikilvægt að skýrt komi fram hvort markmiðið sé að stofnunin hlutist til um starfsþróun kennara og/eða annars starfsfólks en kennara. Á greinin við um öll skólastig? Skipulag á starfsþróun starfsfólks skóla er einnig nýtt hlutverk stofnunar. Hver mun bera kostnað sem fylgir slíkri starfsþróun? Ríki eða sveitarfélög? Af hvaða tíma kennara er tíminn tekinn? Hve stór hluti af starfsþróun yrði á hendi þjónustustofnunarinnar og hver er aðkoma sveitarfélaganna að þróuninni? Í grein 10.2 í kjarasamningi grunnskóla kennara segir: *Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.* Í frumvarpinu er þá væntanlega verið að tala um nauðsynlega starfsþróun sem yrði kostuð af ríkinu.

Í lið 4 er talað meðal annars um útgáfu á fræðsluefni og leiðbeininga. Hér er lagt til að komið verði á góðu samstarfi við skólamálanefndir KÍ.

Samkvæmt lið 11 í greininni verður lögð áhersla á að stunda rannsóknir á sviði menntunar, skólastarfs og skólaþjónustu eftir því sem unnt er. Skólamálanefnd telur afar mikilvægt að einnig verði lögð áhersla á öflugt samstarf við háskólana á Íslandi í þessu tilliti.

Almennt um ýmsa liði frumvarps

Námsgögn og verkfæri fyrir skóla

Skólamálanefnd telur mikilvægt að skýrar verði kveðið að orði í frumvarpinu um námsefnisgerð, útgáfu þess og á hverra herðum ábyrgðin á útgáfunni skuli verða. Tekið er fram að ráðast eigi í átak síðar á kjörtímabilinu en óljóst er hvernig því skuli háttað. Framboð á námsefni er ekki nægilegt og verulega vantar upp á að endurnýja efni margra námsgreina. Framboð á rafrænu námsefni og myndefni til kennslu þarf einnig að stórauka.

Skimanir og próf

Verkfæri fyrir skóla eins og tæki til skimana verða á höndum stofnunarinnar. Munu þá sérfræðingar á vegum stofnunarinnar sem framkvæma skimanir eða verða þær unnar af kennurum hvers skóla?

Skólastarf og skólaþróun

Grunnskólar hafa hver og einn skapað sér sérstöðu þó unnið sé að sameiginlegum markmiðum og viðmiðum sem Aðalnámskrá kveður á um. Mun stofnunin hafa áhrif á sjálfstæði skólanna með aðkomu sinni eða verður tryggt að þeir skólar sem leita eftir aðstoð frá stofnuninni haldi sinni sérstöðu og sérkennum?

Innleiðing



Félag grunnskólakennara
Borgartún 30 • IS-105 Reykjavík • Sími 595 1111 • www.ki.is

Í frumvarpinu er lagt til að stofnunin styðji við innleiðingu stefnumótunar stjórnvalda á sviði menntunar og farsældar barna og ungmenna og aðalnámskráa. Mikilvægt er að verkefnum sem þessu fylgi fjármunir og tryggður verði tími til innleiðingu sem leiði af sér árangur sem byggja megi á til framtíðar. Verkefnum kennara hefur fjölgað umtalsvert síðustu ár sem og allri umsýslu í tengslum við kennslu og umsjón nemenda. Þar af leiðandi er mikilvægt við innleiðingu stórra verkefna og breytinga sé reiknað með auknum tíma til að vinna verkin. Sé gert ráð fyrir fjármunum og tíma telur skólamálanefnd að innleiðingin yrði árangursríkari, jafnt fyrir sveitarfélög og skóla.

Samráð við aðila innan skólasamfélagsins og KÍ

Gerð er athugasemd við að við gerð frumvarpsins hafi ekki verið haft formlegt samráð við skólamálanefndir innan KÍ vegna þess að um er að ræða grundvallar breytingu á umhverfi og þáttum innan skólasamfélagsins. Mikilvægt er að við frekari vinnu verði haft samráð við hlutaðeigandi í hverjum málaflokki. Að Félag grunnskólakennara komi að málum sem snúa að grunnskólanum og svo framvegis.

Orðalag

Orðalag innan frumvarpsins miðar oft að öllu samfélaginu, foreldrum, börnum og ungmennum auk skólasamfélagsins í heild. Ekki þykir ljóst hvar verkefni ráðuneytis enda og skólaþjónustu hefjast, hvorki hvort um ræðir skólaþjónustu hvers sveitarfélags eða nýrrar þjónustustofnunar x.